

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
vt. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2019

Efni: Breytingar á mánaðarlaunum bankastjóra Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf.

Með bréfi þessu vill Bankasýsla ríkisins upplýsa fjármála- og efnahagsráðherra um að stofnuninni barst meðfylgjandi bréf frá formanni stjórnar Íslandsbanka hf., dags. 9. mars 2019, þar sem fram kom að frá og með 1. apríl n.k. verða laun bankastjóra Íslandsbanka hf. 3.650.000 kr. á mánuði án hlunninda. Í þessu sambandi er vert að benda á að laun bankastjóra án hlunninda, sem eru nú 4.200.000 kr. á mánuði, námu 3.850.000 kr. á mánuði þegar ríkissjóður eignaðist allt hlutfé í bankanum árið 2016. Eins og áður hefur komið fram var kaupaukakerfi bankans einnig afnumið við breytingar á eignarhaldi bankans. Samkvæmt upplýsingum Bankasýslu ríkisins nema hlunnindi bankastjórans frá og með 1. apríl nk. um 200.000 kr. á mánuði. Nema því laun bankastjórans með hlunnindum samtals 3.850.000 kr. á mánuði frá og með 1. apríl nk. Er því ljóst að öll hækkun á launum og hlunnindum bankastjóra, sem varð frá yfirtöku ríkisins á bankanum, hefur nú verið dregin til baka, en laun með hlunnindum námu þá 4.052.437 kr.

Einnig vill Bankasýsla ríkisins upplýsa ráðherra um að stofnuninni barst tölvubréf frá formanni bankaráðs Landsbankans hf. fyrr í dag, þar sem eftirfarandi kom fram:

„Bankaráð Landsbankans upplýsir hér með Bankasýslu ríkisins um að launahækkun bankastjóra Landsbankans frá 1. apríl 2018 hefur gengið til baka. Á móti kemur vísitöluhækkun frá 1. júlí 2017 til 1. janúar 2019, um 7,81%.


Í ráðningarsamningi við nýjan bankastjóra Landsbankans frá janúar 2017 var kveðið á um að heildarmánaðarlaun, að meðtöldum bifreiðahlunnindum, yrðu samtals 3.250 þús. kr. frá og með 1. júlí 2017. Heildarlaunin hækkuðu í 3.800 þúsund krónur þann 1. apríl 2018.

Grunnlaun bankastjóra eftir lækkun verða 3.297 þúsund krónur og bifreiðahlunnindi 206 þúsund krónur. Heildarlaun bankastjóra verða því 3.503 þúsund krónur. Með þessari ákvörðun er komið til móts við sjónarmið sem fjármálaráðherra lagði fram í bréfi sínu til Bankasýslu ríkisins 28. febrúar síðastliðinn.“

Virðingarfyllst,



Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar



Jón G. Jónsson, forstjóri

Meðfylgjandi: Bréf Íslandsbanka dags. 9. mars 2019

Kópavogi, 9. mars 2019

Bankasýsla ríkisins
Vt. Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar
Borgartún 3
101 Reykjavík


Efni: Breyting á launum bankastjóra Íslandsbanka hf.

Ég vísa til samtala okkar að undanfögnu um launakjör bankastjóra Íslandsbanka.

Ég staðfesti hér með að stjórn Íslandsbanka og bankastjóri hafa samið um lækkun launa bankastjóra frá 1. apríl næstkomandi. Frá þeim tíma verða laun bankastjórans 3.650.000 kr. á mánuði auk hlunninda.

Í viðauka við ráðningarsamninginn, þar sem samið eru um lækkun launanna, kemur fram að forsenda fyrir þeirri breytingu á launakjörum sem þar er gerð er sé að ráðningarsamningi verði ekki slitið af hálfu vinnuveitanda fyrir 1. september 2019, bregðist það skulu laun í uppsagnarfresti nema 4.200.000 kr. á mánuði.

Virðingarfyllt,
f.h. Íslandsbanka hf.



Friðrik Sophusson, stjórnarformaður